

28.01.2020

SVEITARFÉLÖG HÆKKA FASTEIGNASKATTA Á FYRIRTÆKI Á TÍMUM NIÐURSVEIFLU

Samkvæmt áætlun Samtaka iðnaðarins munu fyrirtæki landsins greiða rúmlega 28 ma.kr. í fasteignaskatta á árinu 2020 eða nær 1% af landsframleiðslu. Skattarnir hafa hækkað um 20% að raunvirði frá árinu 2018 þegar niðursveiflan í íslensku efnahagslífi hófst. Mikilvægt er að sveitarfélög landsins axli ábyrgð og sinni hagstjórnarhlutverki sínu með því að lækka fasteignaskatta á fyrirtæki. Þannig auðvelda þau fyrirtækjum og heimilum að takast á við niðursveifluna í efnahagslífinu.


Aðeins 10 af 72 sveitarfélögum áforma að lækka álagningarprósentu fasteignaskatta milli áráanna 2019 og 2020 samkvæmt framlögðum gjaldskrá. Á sama tíma er mikill meirihluti skattstofnsins skattlagður með lögbundnu hámarki álagningar eða 1,65%. Munar þar mestu um Reykjavíkurborg sem hefur ekki hnikað frá lögbundnu hámarki álagningar í meira en áratug. Nú er svo komið að helmingur fasteignaskatta á fyrirtæki landsins rennur í borgarsjóð.

Þegar fasteignaskattar á íslensk fyrirtæki eru skoðaðir kemur eftirfarandi í ljós:


- **Mun hærri hér en á Norðurlöndum:** Skattbyrði íslenskra fyrirtækja vegna fasteignaskatta var mun hærri en á Norðurlöndum á árinu 2018 eða 0,8% samanborið við 0,25% í Noregi svo dæmi sé tekið.
- **Miklar hækkanir fram til 2020:** Samkvæmt áætlun SI munu fyrirtæki greiða rúmlega 28 ma.kr. í fasteignaskatta árið 2020 eða nær 1% af VLF. Nemur raunhækkunin rúmlega 50% frá 2015 og 20% frá 2018 þegar niðursveiflan í efnahagslífinu hófst.
- **Hækka á tímum samdráttar:** Fasteignaskattar á íslensk fyrirtæki eru nú að hækka á tímum samdráttar og taka sífellt stærra skerf af tekjum þeirra. Hækkuðu skattarnir um 35% frá 2015 til 2018 meðan tekjur viðskiptahagkerfisins jukust einungis um 17% og hagnaður fyrirtækjanna dróst saman um fjórðung skv. tölum Hagstofu. Áætla má að hagnaður fyrirtækja hafi enn dregist saman á tímabilinu 2018-2020 samhliða niðursveiflunni í hagkerfinu.
- **Meirihluti fyrirtækja greiðir lögbundið hámark:** Fasteignaskattar verða 1,6% að meðaltali árið 2020. Helmingur eða 36 af 72 sveitarfélögum halda álagningunni fastri í lögbundnu hámarki (1,65%) milli ára en um 65% skattstofns fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði er innan þessara 36 sveitarfélaga. Meirihluti fyrirtækja greiðir því lögbundið hámark fasteignaskatta í ár.
- **Minni sveitarfélög lækka fasteignaskatta:** Aðeins 10 sveitarfélög lækka álagningarprósentu fasteignaskatta á milli áráanna 2019 og 2020 skv. framlögðum gjaldskrá og samþykktum sveitarfélaga. Dregur þetta aðeins úr hækkun skatta um 200 milljónir króna á landsvísu og verður skattbyrðin aðeins 0,7% lægri en ella enda tekur lækkunin til lítills hluta skattstofnsins.
- **Reykjavík eina sveitarfélagið af 10 stærstu sem hefur ekki hnikað hæstu mögulegu álagningu:** Þegar horft er til skattstofns atvinnuhúsnæðis má sjá að Reykjavík er eina sveitarfélagið af 10 stærstu sem ekki hnikaði til álagningarprósentu fasteignaskatta á fyrirtæki á síðasta áratug. Stjórn sveitarfélagsins hefur haldið álagningunni stöðugri í lögbundnu hámarki skattsins, þ.e. 1,65% samhliða hratt hækkandi álagningarstofni. Nú er svo komið að önnur hver króna af fasteignasköttum fyrirtækja í landinu rennur í borgarsjóð.

MEÐ HÆSTU FASTEIGNASKÖTTUM Í EVRÓPU OG HÆKKA ENN

Skattbyrði íslenskra fyrirtækja vegna fasteignaskatta er mun hærri en á Norðurlöndum. Tekjur hins opinbera vegna fasteignaskatta voru um 0,8% af VLF á árinu 2018 samanborið við 0,25% í Noregi og 0,4% í Svíþjóð og Finnlandi svo dæmi séu tekin.



Á Íslandi hækkar hlutfallið enn í ár og verður tæplega 1% af landsframleiðslu miðað við að fyrirtæki landsins greiði rúmlega 28 milljarða króna í fasteignaskatta á árinu 2020. Skattarnir hafa hækkað um rúmlega helming að raunvirði frá árinu 2015 og 20% frá 2018 þegar niðursveiflan í efnahagslífinu hófst.



¹ Miðað við skattliðinn "recurrent taxes on immovable property, other than household" í uppgjöri OECD.

MIKILL MEIRIHLUTI SKATTSTOFNSINS MEÐ HÁMARKSÁLAGNINGU

Samkvæmt úttekt Samtaka iðnaðarins² munu aðeins 10 sveitarfélög af 72 lækka álagningu fasteignaskatta á fyrirtæki milli ára 2019 og 2020. Þetta eru Akraneskaupstaður, Skorradalshreppur, Grindavíkurbær, Vestmannaeyjabær, Norðurþing, Reykjanesbær, Sveitarfélagið Árborg, Mosfellsbær, Kópavogsbær og Garðabær.

Tafla 1. Lækkanir ársins 2020.

	2019	2020
Akraneskaupstaður	1,58%	1,40%
Skorradalshreppur	1,28%	1,15%
Grindavíkurbær	1,45%	1,32%
Vestmannaeyjabær	1,65%	1,55%
Norðurþing	1,65%	1,60%
Reykjanesbær	1,65%	1,60%
Sveitarfélagið Árborg	1,65%	1,60%
Mosfellsbær	1,60%	1,59%
Kópavogsbær	1,50%	1,49%
Garðabær	1,63%	1,59%

Lækkun sveitarfélaganna nær aðeins til rúmlega 20% skattstofnsins. Dregur þetta aðeins úr hækkun skatta um 200 milljónir króna á landsvísu. Skattbyrðin verður þannig aðeins 0,7% lægri en ella enda tekur lækkunin til lítils hluta skattstofnsins. Á sama tíma halda 36 sveitarfélög af 72 álagningunni fastri í lögbundnu hámarki (1,65%). Þessi sveitarfélög eru með um 65% skattstofnsins. Því má segja að nær tvær af hverjum þremur krónum í skattstofni atvinnuhúsnæðis séu skattlagðar til fulls í álagningu fasteignaskatta.

REYKJAVÍKURBORG MEÐ HELMING SKATTTEKNANNA

Frá árinu 2017 hafa fasteignaskattar hækkað um 4,3 milljarða að raunvirði á höfuðborgarsvæðinu eða tæplega 30%. Rúmlega 75% upphæðarinnar hefur lent á fyrirtækjum Reykjavíkurborgar en stjórn borgarinnar hefur haldið hlutfalli fasteignaskatta í 1,65% hámarki samhliða hratt hækkanði álagningarstofni. Þegar horft er til 10 stærstu sveitarfélaga á landsvísu m.t.t. álagningarstofns atvinnuhúsnæðis má sjá að Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið af 10 stærstu sem hefur ekki hniakað til fasteignasköttum á fyrirtæki á árunum 2011-2020. Borgin hefur haldið sig við lögbundið hámark á þessum tíma. Nú er svo komið að önnur hver króna af fasteignasköttum á landsvísu rennur í borgarsjóð.

Tafla 2. Fasteignaskattar á fyrirtæki, álagningarprósenta, 10 stærstu³.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Reykjavíkurborg	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%
Kópavogsbær	1,65%	1,65%	1,65%	1,64%	1,62%	1,62%	1,62%	1,60%	1,50%	1,49%
Hafnarfjörður	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,57%	1,40%	1,40%
Akureyrarkaupstaður	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,63%	1,63%
Reykjanesbær	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,60%
Garðabær	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,63%	1,59%
Suðurnesjabær	1,63%	1,63%	1,63%	1,63%	1,63%	1,63%	1,63%	1,63%	1,65%	1,65%
Sveitarfélagið Árborg	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,60%
Mosfellsbær	1,50%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,60%	1,59%
Sveitarfélagið Ölfus	1,50%	1,60%	1,60%	1,60%	1,60%	1,60%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%

Sveitastjórnir Hafnarfjarðar og Kópavogs hafa hins vegar lækkað skatta á sín fyrirtæki til muna síðustu ár og þannig hjálpað þeim að mæta niðursveiflunni. Hefði lækkunar ekki notið við hefði álagning á fyrirtæki í þessum sveitarfélögum hækkað mun meira en raunin varð.

² Miðað var við nýjar gjaldskrár og samþykktir sveitastjórna skv. fundargerðum sem liggja fyrir nú í byrjun árs. Einhver sveitarfélög sem hyggjast lækka skatta á árinu gætu því verið undanskilin á þessum lista.

³ Miðað er við sveitafélagaskipan ársins 2020.

SVEITARFÉLÖG Á LANDSBYGGÐINNI TREG TIL AÐ LÆKKA

Sveitarfélög landsbyggðarinnar hafa verið treg til að lækka fasteignaskatta á fyrirtæki á síðustu árum en meðalálagningin er nú um 1,59% eða nálægt lögbundnu hámarki. Aðeins 7 sveitarfélög á landsbyggðinni lækka fasteignaskatta á fyrirtæki á milli 2019 og 2020 m.v. þær upplýsingar sem liggja fyrir í byrjun árs.

Tafla 3. Fasteignaskattar á fyrirtæki landsbyggðarinnar.

Meðalálagning - landsbyggð	
2015	1,62%
2016	1,63%
2017	1,63%
2018	1,63%
2019	1,62%
2020	1,59%


Ef horft er til 10 stærstu sveitarfélaganna á landsbyggðinni skv. álagningarstofni atvinnuhúsnæðis má sjá að 4 þeirra lækka skatta milli ára 2019 og 2020. Önnur halda álagningu fastri skv. nýjstu upplýsingum.

Tafla 4. Fasteignaskattar á fyrirtæki landsbyggðarinnar, 10 stærstu skv. álagningarstofni atvinnuhúsnæðis.

	2019	2020
Akureyrarkaupstaður	1,63%	1,63%
Reykjanesbær	1,65%	1,60%
Suðurnesjabær	1,65%	1,65%
Sveitarfélagið Árborg	1,65%	1,60%
Hvalfjarðarsveit	1,65%	1,65%
Grindavíkurbær	1,45%	1,32%
Sveitarfélagið Ölfus	1,65%	1,65%
Ásahreppur	1,65%	1,65%
Akraneskaupstaður	1,58%	1,40%
Fjarðabyggð	1,65%	1,65%

EKKERT MEIRA TIL SKIPTANNA

Fasteignaskattar taka sífellt stærri skerf af tekjum fyrirtækja. Hækkuðu skattarnir um 35% frá 2015 til 2018 meðan tekjurnar jukust helmingi minna eða um 17% og hagnaður fyrirtækjanna dróst saman um fjórðung skv. tölum Hagstofu. Áætla má að hagnaður fyrirtækja hafi enn dregist saman á síðasta ári en á sama tíma hækkuðu fasteignaskattarnir umtalsvert. Svipuð þróun virðist ætla að verða í ár.



Fasteignaskattar á fyrirtæki á Íslandi hafa hækkað mjög mikið á síðustu árum og er skattlagning þessi orðin mun meira íþyngjandi fyrir íslensk fyrirtæki en áður. Þrengt hefur verulega að fyrirtækjunum á tímum hækkandi innlends kostnaðar og samdráttar í efnahagslífinu undanfarið. Sveitarfélög landsins ættu að axla ábyrgð, sinna hagstjórnarhlutverki sínu og lækka fasteignaskatta á fyrirtæki því með slíkri lækkun er fyrirtækjum og heimilum hjálpað að mæta samdrættinum í efnahagslífinu.